



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

GEORGE H. W. BUSH
FYRRVERANDI FORSETI BANDARÍKJANNA
HEIMSÆKIR ÍSLAND Í BOÐI FORSETA ÍSLANDS

George H. W. Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, hefur þekkt boð forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar um að koma í heimsókn til Íslands 4.-7. júlí næstkomandi.

Forsetinn fyrrverandi kemur til landsins síðdegis þriðjudaginn 4. júlí og verður gestur forseta Íslands meðan á dvölinni stendur. Hann situr kvöldverðarborð forseta Íslands á Bessastöðum á þjóðhátíðardegi Bandaríkjamanna 4. júlí. Með í för forsetans verða nokkrir vinir hans, m.a. Sig Rogich sem var sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi í forsetatíð George H. W. Bush.

George H. W. Bush og föruneyti munu halda til laxveiða í boði Orra Vigfússonar formanns Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF), en forsetinn fyrrverandi hefur verið eindregin stuðningsmaður slíkrar verndar.

26. júní 2006

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).